Sýning Einars Hákonarsonar

Kjarvalsstöðum

Einar Hákonarson er aðeins liðlega þrítugur maður, en samt hefur hann um árabil verið í röðum þekktari myndlistarmanna okkar, enda tók hann ungur til við myndlistina, aðeins fimmtán ára gamall, og seinasta áratug hefur hann starfað að list sinni, eftir sjö ára myndlistarnám í Myndlista- og handíðaskólanum og síðar við Valands listaháskólann í Gautaborg, en þar stundaði hann nám á árunum 1964-1967.

Einar Hákonarson hélt sína fyrstu einkasýningu í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1968 og síðan hefur hver sýningin rekið aðra, en sú síðasta á undan þessari, sem núna stendur yfir að Kjarvalsstöðum, var haldin í húsnæði Byggingarþjónustu arkitektafélagsins, sem var athvarf myndlistarmanna meðan deilurnar um Kjarvalsstaði stóðu sem hæst.

Þá hefur Einar tekið þátt í mörgum samsýningum innanlands og utan.

Einar Hákonarson er um margt merkilegur málari. Hann er einn fyrsti innflytjandi vissrar listastefnu, er margir málarar fylgja nú hér á landi, en þrátt fyrir aðflutt tilefni eru myndir hans persónulegar, þær þekkjast hvar sem þær fara frá myndum eftir aðra menn.

Viðfangsefni Einars Hákonarsonar eru hin margvíslegustu. **Sendibréf af miðhálendinu, Talað við ísinn, Stór fjöllskylda, Netaveiðar** og **Kalifórníupálmi** svo eitthvað sé nefnt.

Úrvinnsla er í sjálfu sér einföld. Hann setur á léreftið úrdrátt úr mótívinu, leysir síðan upp í litafleti og skreytir, eða kryddar eftir því sem við á, og útkoman verður síðan sambland af sögu og mynd. Hin myndræna saga, sem höfðar til okkar með svipuðum hætti og ljóð eða saga, og svo málverkið sjálft, sem orkar á aðra staði með öllum sínum formum og litum.

Árangurinn af þessum tvíleik er auðvitað misgóður. Stundum er sambúð áðurnefndra afla í ágætu lagi, en stundum brennur á hinn bóginn ekki saman.

Myndir Einars Hákonarsonar eru af ýmsum stærðum. Sumar ekki stærri en asklok, aðrar eru á stærð við bílskúrshurðir.

Ef myndirnar að Kjarvalsstöðum eru bornar saman við þær sem sýndar voru í byggingarþjónustinni í fyrra, þá virðist eitt og annað vera að gerast í myndlist Einars Hákonarsonar. Hann er sýnilega að færast nær realisma, til þess væntanlega að gefa söguefni sínu meira svigrúm og þetta verður auðvitað á kostnað málverksins, stundum a.m.k., en þetta jafnast þó dálítið upp með breyttri litanotkun. Litanotkun er hógværari en áður var og þetta teljum við hér nokkra framför.

Björn Th. Björnsson, listfræðingur lýsir sambúð sögu og myndlistar vel í grein er hann ritar í sýningarskrá, en þar segir Björn á þessa leið m.a.:

„Svo sem ævinlega er í listum er efnið sjálft, myndtilgangurinn þó einskis virði, nema í slíkum listrænum búningi, að upprunaleg lífun málarans veitir áhorfandanum hlutdeild í ævintýri nýrrar sjónreynslu. Það er einmitt á slíkum vegum sem Einar Hákonarson fer: Hann beitir aldrei beinni endursögn þess sem á hann leitar, heldur þeirri umritun áhrifanna sem við köllum list eða skáldskap. Þar skilur höfundurinn og ávallt eftir loft milli línanna þetta andrúm sem við hin lesum úr og sem gerir okkur að þátttakendum í sköpun verksins.

Sú aðferð Einars, að kristalla ákveðin atriði með því að marka þeim sérstakan flöt, eða fella önnur í einskonar glugga — og jafnvel það, að kljúfa form og missetja, — lyftir alkunnum efnum upp á svið skáldskapar.

Í nýjustu og stærstu myndinni á sýningunni safnar hann saman hópi fólks að bronsmynd skálds, í umgerð kunnuglegs landslags, og kallar hana „Hlustað á skáldið". Í myndinni ríkir hátíðleg kyrrð, eftirvæntingarfull þögn, líkt og beðið sé eftir boðskap. Er þetta einskonar þesa Íslands, þar sem skáldskapinn hefur ævinlega borið hærra en önnur mannanna verk og jafnvel hið liðna skáld hefur enn lifandi orð að segja? Hvort sem svo er, þá sýnist mér myndþessi geta staðið sem einkunn sýningarinnar og þess skilnings, sem meistari Kjarval kallaði svo ágæta vel **hljóm hins mennska heims og bergmál mannfélags byggingar.**"

Undir þetta getum við öll tekið. „Hann beitir aldrei beinni endursögn", og við sjáum orkufursta vorn Eirík Briem verkfræðing, meðal blóma, en þjóðfrægt skáld Indriða G. Þorsteinsson á hinn bóginn sem hinn mikla örlagavald, klettinn í hafinu. Einmitt þannig er þetta oft í myndlist Einars Hákonarsonar, nýr flötur kemur upp.

Jónas Guðmundsson



Einar Hákonarson.




fólk í listum

Verndið börnin gegn umferðarslysum

Árið 1975 slösuðust 123 börn á aldrinum 0-14 ára í umferðinni. Meiðsl þessara barna urðu mismikil, sum náðu sér fljótlega önnur bera þess merki ævilangt. Nokkur þessara barna slasast það alvarlega að þau verða örkumla og útilokast frá eðlilegu lífi jafnaldra sinna. Af þessum 123 börnum létust 4.

Sem betur fer hefur slysum fækkað hin síðari ár og kemur þar margt til eins og t.d. bætt skipulag íbúðahverfa og aukin umferðarfræðsla. En betur má ef duga skal. Sá hópur barna sem verður fyrir tiltölulega flestum umferðarslysum eru börn undir skólaskyldualdri þ.e.a.s. 6 ára og yngri. Af þeim 123 börnum sem slösuðust voru 45 6 ára og yngri. Þessir aldursflokkar hafa algjöra sérstöðu vegna þroska og reynsluleysis.

Því hefur verið haldið fram af sálfræðingum að fullorðnir geti alls ekki sett sig í spor barna og gera sér því oftast of seint grein fyrir hættunni. Hér á eftir fara nokkur atriði sem ökumenn ættu að hafa hugfast til að hindra slys á börnum.



Barn að leik

Alls staðar þar sem bolti veltur er ávallt einnig barn á ferðinni. Veltandi bolti táknar því fyrir ökumennina sama og rautt aðvörunarljós. Jafnvel barni sem er ekki að leik og stendur kyrrt á gangstéttinni er ekki treystandi. Það gæti á næsta augnabliki, án nokkurrar skiljanlegrar ástæðu, hlaupið út á götuna. Ef fullorðinn maður kallar til barns þvert yfir götuna (sem að sjálfsögðu má ekki gera) þá hleypur það án þess að taka nokkuð tillit til umferðarinnar. Ef maður sér barn hlaupa yfir götuna ætti alltaf að gera ráð fyrir að fleiri fylgi á eftir. Barn sem er eitt á ferð hleypur sjaldnast, það gengur frekar. Ef það er á hlaupum eru mun meiri líkur á að það sé hluti af hóp.

Þegar ekið er framhjá bílum sem lagt er við gangstéttarbrún er öruggast að aka hægt og ekki of nærri bílunum. Einnig þarf af viðhafa varúð þar sem eru ógirtar lóðir milli húsa. Börn sem eru að leik á slíkum lóðum geta oft hlaupið fyrirvaralaust út á götuna beint af grasvellinum.

Barn á leið í skólann

Fyrstu þrjár til fjórar vikurnar eftir að skólinn byrjar á haustin eru sérstaklega hættulegar. Skólabörnin eru ekki ennþá komin í æfingu aftur. Hættulegustu tímabil dagsins fyrir börnin í umferðinni eru eftirfarandi:

Kl. 7-9 að morgni. Á þeim tíma eru flest börn á leið í skólann og einnig eru mjög margir ökumenn á leið til vinnu.

Kl. 11-13. Á þessum tíma er venjulega matarhlé og börnin hlaupa heim á leið svöng og hreyfingarþurfi eftir langa kyrrsetu.

Kl. 16-18. Á þessum tíma er yfirleitt mikil bílaumferð og farið er að skyggja. Ökumenn eru þreyttir eftir önn dagsins. Þetta er mjög hættulegur tími fyrir börn sem eru í skóla eftir hádegi þar sem skóla lýkur yfirleitt á þessu tímabili.

Þar sem aðvörunarmerki eru um að börn að leik eða skóli í nánd ættu ökumenn alltaf að fara varlega enda þótt engin hætta virðist sjáanleg. Sérstaka varkárni þarf að sýna við gangbrautir í nágrenni skóla. Í nágrenni íþróttasvæða og sundstaða má alltaf gera ráð fyrir börnum, því oft þurfa þau að fara úr skólanum í leikfimi eða íþróttatíma.

Barn á reiðhjóli

Börn á reiðhjólum fara sjaldnast þráðbeint leiðar sinnar. Þau sveiflast til hægri og vinstri og þarf að gæta vel að því að þau hafi nægilegt svigrúm. Börn á reiðhjólum gefa of sjaldan merki áður en þau beygja og þekkja ekki umferðarreglur nógu vel.

Alltaf er sérstök hætta því samfara að börn reiði eitthvað á bögglaberanum. Þyngd flutningsins gerir jafnvægið óstöðugra og erfiðara er um vik að halda beinu striki. Í hálku eða snjó verður ökumaður sem fer fram úr hjólreiðarmanni alltaf að vera viðbúinn því að hann detti á hjólinu.

Barn í strætisvagni

Ökumenn ættu alltaf að vera viðbúnir því er þeir aka framhjá strætisvagni sem numið hefur staðar að barn komi hlaupandi fram undan vagninum og út á götuna. Það ætti því alltaf að fara mjög varlega er ekið er framhjá strætisvagni og vera í góðri fjarlægð frá honum.

Vís hætta fylgir því alltaf er barn sér móður sína eða föður bíða t.d. í bíl hinum megin götunnar, því þá getur barnið umsvifalaust hlaupið yfir götuna án þess að líta í kringum sig. **Feður eða mæður, sem stöðva bílinn þeim megin götunnar sem barnið er ekki ættu alltaf að sækja barnið og fylgja því yfir götuna.**

Að vera við öllu búinn það er það sem greinir góðan ökumann frá slæmum. Sá sem situr undir stýri og hugsar aðeins um það sem þegar hefur gerzt er ekki virkilega góður ökumaður, hversu laginn sem hann getur verið við að stjórna bifreiðinni.

Að vera viðbúinn hverju sem er, hversu fjarstætt eða fáránlegt sem það gæti virzt, er stærsta krafa sem gerð er til allra þeirra sem aka bíl.

Að vera við öllu búinn, hvar gildir það frekar en þar sem börn eru að leik í umferðinni?

BYRGJUM BRUNNINN